



# Lögboðin ábyrgðartrygging farsala og flutningsaðila

Skilmáli nr. AA26

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. AA26.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Trygging þessi er samkvæmt 4. mgr. 145. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og reglugerð um leyfi til farþegaflutninga með skipum nr. 463/1998.

Ábyrgðartrygging farsala og flutningsaðila er lögboðin trygging fyrir þá sem sigla með farþega og selja í ferðir, t.d. skemmtisiglingar eða skoðunarferðir.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

## 1. Hver er tryggður?

1.1 Tryggingartaki er tryggður.

## 2. Hvar gildir tryggingin?

2.1 Tryggingin gildir innan íslenskrar lögsögu.

## 3. Hvenær gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
- 3.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.
- 3.3 VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

## 4. Hvað bætir tryggingin?

4.1 Tryggingin bætir tjón er leiðir af bótaábyrgð tryggðs og hlýst af því að farþegi slasast eða lætur lífið eða farangur týnist eða skemmist meðan stendur á ferð þess skips sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun og tryggður sem farsali eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt V. kafla siglingalaga nr. 34/1985 um flutning á farþegum og farangri og IX. kafla sömu laga um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar. Með sömu skilyrðum er tryggt gegn bótaskyldu sem stafar af seinkun í sambandi við flutning á farþega eða farangri. Tryggingin gildir einnig um flutning milli skips og lands, enda sé þessi flutningur innifalinn í fargjaldinu eða flutningurinn fer fram með farartæki sem farsali leggur til.

## 5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 Tryggingin bætir ekki:

- a) Tjón sem tryggður tekur á sig ef ábyrgðin er víðtækari en almenn bótaábyrgð hans sem farsala eða flutningsaðila.
- b) Sektir og önnur viðurlög sem falla á tryggðan.
- c) Tjón sem verður áður en farþegi stígur á skipsfjöl og eftir þann tíma að hann er farinn frá borði.
- d) Tjón sem annar aðili en tryggður, er annast hluta flutnings samkvæmt farmsamningi, ber ábyrgð á.
- e) Tjón á lifandi dýrum sem flutt eru sem farangur.
- f) Tjón eða tap á peningum, verðbréfum eða öðrum verðmætum, t.d. gulli, silfri, úrum, gimsteinum, skartgripum eða listmunum, nema farsali hafi tekið við þeim til öryggisgeymslu.
- g) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.



## 6. Tryggingarfjárhæð

- 6.1 Ábyrgð VÍS takmarkast við tryggingarfjárhæð þá sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.2 VÍS greiðir kostnað sem eðlilegt er að tryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem tryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu sem tryggingin tekur til.
- 6.3 Sé tryggingarfjárhæðin lægri en skaðabæturnar er VÍS aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

## 7. Eigin áhætta

- 7.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.2 Eigin áhætta tryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu tjónþola.

## 8. Endurkrafa

- 8.1 VÍS á endurkröfurétt á hendur tryggðum hafi það greitt bætur samkvæmt gr. 13.2 eftir að trygging hefur fallið niður.

## 9. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 9.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

## 10. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 10.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti hlutar á tjónsdegi.
- 10.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 10.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 10.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 10.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

## 11. Staða tjónþola við tjón

- 11.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 11.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 11.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 11.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 12. Meðferð bótakrafna

- 12.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 12.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir.

## 13. Lok tryggingar

- 13.1 Tryggingin fellur niður þegar leyfisskírteini tryggðs til farþegaflutninga fellur úr gildi eða haffæris skírteini skipsins er ekki gilt.
- 13.2 Enda þótt tryggingin sé fallin úr gildi ber VÍS ábyrgð gagnvart tjónþola á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að VÍS tilkynnti tryggingartaka og Siglingastofnun Íslands að tryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir þennan frest. Renni leyfisskírteini til farþegaflutninga út innan fjögurra vikna frestsins ber VÍS þó einungis ábyrgð til þess tíma.



## 14. Fyrning

- 14.1 Ábyrgð VÍS fyrnist samkvæmt reglum um fyrningu sjókrafna, sbr. XII. kafla siglingalaga nr. 34/1985.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**